



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Yfirlit vegna bókhaldslegs aðskilnaðar Íslandspósts árið 2015

Íslandspóstur ohf. (ÍSP) hefur í samræmi við ákvæði 18. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu og reglugerðar nr. 313/2005 um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekinda afhent Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) kostnaðarlíkan ásamt ítarlegum sundurliðuðum bókhalds- og fjármálaupplýsingum vegna rekstrarársins 2015. Þar kemur fram að ÍSP aðgreinir í sínu bókhaldi tekjur og kostnað vegna einkaréttar frá annarri alþjónustu og þjónustu utan alþjónustu.

Kostnaðarlíkan ÍSP byggir á aðferðarfræði langtíma viðbótarkostnaðar (LRIC)¹, en um er að ræða svokallaða „top down“ LRAIC² útfærslu þar sem langtíma meðaltals viðbótarkostnaður er leiddur fram. Byggt er á sögulegum rekstrarkostnaði og notast við árgreiðsluáðferð þar sem ávöxtunarkrafa miðast við vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (WACC) vegna eigna sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu og tekið er tillit til metins líftíma við útreikninga á afskriftum. Framangreint er í samræmi við 4. mgr. 16. gr. laga nr. 19/2002 að verðlagning alþjónustu skuli taka mið af raunkostnaði að viðbættum hæfilegum hagnaði.

Miðað er við að alþjónusta beri að mestu kostnað vegna dreifikerfisins, en samkeppni utan alþjónustu beri viðbótarkostnað í samræmi við notkun á dreifikerfinu. Það er sá kostnaður sem væri umflýjanlegur ef félagið hætti að bjóða upp á samkeppnisvörur utan alþjónustu. Aðferð við útteilingu kostnaðar í hinu nýja líkani byggir að miklu leyti á verkgrunduðum kostnaðarreikningi sem félagið hefur þróað mörg undanfarin ár.

PFS telur að framangreint kostnaðarlíkan sem ÍSP lagði fram þann 30. mars sl. vegna ársins 2015 byggir á viðurkenndri aðferðarfræði og sé í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 313/2005 og ákvörðun PFS nr. 18/2013 hvað varðar framkvæmd bókhaldslegs aðskilnaðar.

¹ LRIC er skammstöfun fyrir „Long-Run Incremental Cost“ eða langtíma viðbótarkostnað. Kostnaður sem bætist við eða sparast við það að tiltekin starfsemi bætist við eða leggst af á þeim forsendum að allur kostnaður er breytilegur.

² LRAIC er skammstöfun fyrir „Long-Run Average Incremental Cost“ eða langtíma meðaltals viðbótarkostnað. en þá er stuðst við meðaltals einingarkostnað. Með „top down“ er átt við að byggt er á sögulegum kostnaði viðkomandi fyrirtækis.

Samandregið yfirlit yfir tekjur og gjöld eftir starfspáttum fyrir árið 2015:³

	Einkaréttur	Samkeppni innan alþjónustu	Samkeppni utan alþjónustu	Samtals
Tekjur	2.874.645	2.989.649	1.149.627	7.013.921
Gjöld	-2.861.667	-3.555.959	-1.038.955	-7.456.581
Afkoma starfspátta	12.978	-566.310	110.672	-442.660

Afstemming við ársreikning:

Reiknaðir fjármagnsliðir og afskriftir umfram bókfærðir	297.976
Afkoma dóttur- og hlutdeildarféлага	-11.026
Annað	4.332
Tekjuskattur	32.951
Afkoma ársins	-118.427

Ofangreint yfirlit sýnir að verðgrundvöllur einkaréttar er í samræmi við 16. gr. laga nr. 19/2002, en tekjur einkaréttar eru 13 millj. kr. yfir gjöldum eða sem nemur um 0,5%. Í gjöldum einkaréttar er meðtalinn sá kostnaður sem einkarétti er heimilt að greiða niður vegna alþjónustu sem ekki fellur undir einkarétt í samræmi við 2. málsl. 6. mgr. 16. gr. laga nr. 19/2002. Á það sérstaklega við um kostnað vegna útburðar í dreifbýli og rekstur afgreiðslunets eins og fram kemur í ákvörðun PFS nr. 17/2015 um forsendur og niðurstöðu ÍSP á fjárhagslegri byrði vegna alþjónustuskyldna.

PFS byggir afstöðu sína á ársreikningi félagsins sem áritaður er af Ríkisendurskoðun, yfirferð á kostnaðarlíkani ásamt skýringum, gögnum úr bókhaldi ÍSP og upplýsingum sem stjórnendur fyrirtækisins hafa lagt fram sem rökstuðning fyrir bókhaldslegum aðskilnaði. Jafnframt hefur ÍSP lagt fram frekari upplýsingar og skýringar að beiðni PFS um ýmiss atriði í bókhaldi félagsins vegna bókhaldslegs aðskilnaðar. Þá hefur ÍSP, í samræmi við fyrirmæli PFS, lagt fram álitserð óháðs löggilts endurskoðunaraðila, þar sem m.a. kemur fram að samræmi er á milli lýsingar ÍSP um það hvernig kostnaði er skipt og framkvæmdar á bókhaldslegum aðskilnaði félagsins á árinu 2015.

Með vísun til 3. mgr. 18. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu staðfestir PFS hér með að bókhald ÍSP vegna ársins 2015 er í samræmi við reglugerð nr. 313/2005 um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekinda.

³ Fjárhæðir eru í þúsundum króna.